

9. gr.

Ákvæðum 1. gr.—7. gr. þessara laga skal beita eftir því sem við á gagnvart aðiljum í barnsfaðernismálum og í hjúskaparmálum, ef dómur telur brýna nauðsyn til þess að yfirheyra aðilja til þess að ákveða hvoru foreldri beri forræði barns.

Dómur getur ákveðið, að aðiljum þessum sé greitt í samræmi við ákvæði 8. greinar.

10. gr.

Beita skal ákvæðum 4. gr., 5. gr. og 7. gr. gagnvart þeim, er mæta óstefndir sem vitni eða aðiljar í þeim málum, sem getið er í 9. grein.

11. gr.

Þeir, sem orðnir eru 18 ára gamlir og hafa búsetu hér á landi eða dveljast hér eða í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, eru skyldugir til að gefa skýrslu fyrir rétti í þessum löndum í samræmi við þær reglur, sem um þetta gilda í hlutaðeigandi landi.

Sama regla gildir um þá, sem dveljast hér á landi, en hafa búsetu í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

12. gr.

Sé þess krafist, má hér á landi fullnægja dómi, sem gerir manni að greiða skaðabætur vegna útivistar eða annarrar vanrækslu, enda sé dómurinn kveðinn upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð samkvæmt lögum hlutaðeigandi lands um norræna vitnaskyldu.

Við fullnustu á dómum þessum eða úrskurðum skal fara eftir ákvæðum í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra frá 16. mars 1932, sbr. lög nr. 30 23. júní 1932.

13. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær lög þessi taka gildi. Ákveða má, að lög þessi taki einungis gildi gagnvart einu eða fleirum þeirra landa, sem upp eru talin í 1. grein.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á hafnalögum, nr. 45 frá 24. apríl 1973.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein, er verði 13. gr., svo hljóðandi, enda breytist töluröð annarra greina í samræmi við það:

Vörugjald af vörum, sem umskipað er, útskipað eða uppskipað utan löggiltra hafnarsvæða, þar á meðal sjávarafla, skal ríkissjóður innheimta í samræmi við gjaldskrá næstu hafnar og skal gjaldið renna í Hafnabótasjóð.

Ákvæði þessarar greinar ná ekki til skipa undir 30 brúttórúmllestum að stærð, þegar um sjávarafla er að ræða.

2. gr.

Núverandi 20. gr. orðist svo:

Tekjur til Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, sem sé 12% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárlögum hvers árs, en þó aldrei lægra en 30 millj. kr.
2. Vöru- og aflagjald af vörum og afla, sem losað er utan hafnarsvæða, sbr. 13. gr.
3. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

3. gr.

Núverandi 21. gr. 1. mgr. orðist svo:

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða utan allt að 750 millj. króna. Ríkissjóði skal heimilt að ábyrgjast þau lán.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 92 24. des. 1955, um laun starfsmanna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lokamálsgrein 25. gr. laganna orðist svo:

Fyrir innheimtu ríkissjóðstekna og annarra gjalda, er innheimtumenn ríkissjóðs (þ. e. sýslumenn, bæjarfógetar, lögreglustjórar og yfirsakadómarinn, yfirborgardómarinn, yfirborgarfógetinn og tollstjórinn í Reykjavík) innheimta samkvæmt embættisskyldu sinni, skulu greidd laun samkvæmt reglugerð, er fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.